



Aðgerð á gómi hjá barni

Þetta fræðsluefni er ætlað foreldrum og aðstandendum barna sem fara í aðgerð vegna skarðs í gómi.

Algengt er að börn þurfi að fara í fleiri en eina aðgerð til að ná tilætluðum árangri. Aðgerðin fer fram í svæfingu. Útskrift er áætluð 1-2 dögum eftir aðgerð eða þegar barnið er farið að nærast og er orðið vel verkjastillt.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Tekið er sýni úr nefkoki hjá barninu tveimur vikum fyrir aðgerð á göngudeild skurðlækninga, B3 í Fossvogi. Barn sem býr utan höfuðborgarsvæðisins fer í sýnatöku á heilsugæslustöð í sinni heimabyggð. Með þessari sýnatöku er verið að skoða hvort óæskilegar bakteríur séu til staðar á aðgerðarsvæði. Haft verður samband ef barnið þarf að fá meðferð með sýklalyfjum. Í einstaka tilfellum þarf að fresta aðgerð.

Ráðlagt er að barnið hætti að taka lýsi eða Omega 3, tveimur vikum fyrir aðgerð vegna blóðþynnandi áhrifa.

Innskrift

Þegar aðgerðardagur nálgast er barnið boðað í innskrift á göngudeild skurðlækninga B3 á 3. hæð Landspítala í Fossvogi. Þar taka á móti því deildarlæknir á lýtadeild og hjúkrunarfræðingur sem annast innskrift. Í innskriftinni er spurt um heilsufar barns, gerð læknisskoðun og veittar upplýsingar um undirbúning fyrir aðgerðina. Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Einnig eru teknar ljósmyndir af aðgerðarsvæðinu.

Æskilegt er að koma með nýjustu tölur um þyngd og lengd barns í innskriftina. Gera má ráð fyrir því að innskriftin taki 1-3 klukkustundir. Þetta er ekki innlagnardagur og því er óþarfi að barnið mæti fastandi.

Undirbúningur svæfingar

Bókaður er tími í viðtal við svæfingalækni eða svæfingahjúkrunarfræðingi. Ýmist er um símaviðtal að ræða eða að barn komi á miðstöð svæfingar á deild 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut. Þar eru veittar upplýsingar um svæfingu og spurt um fyrri reynslu af svæfingu. Viðtalið tekur 15-30 mínútur.

Kostnaður

Ef tilvísun hefur borist frá heimilislækni, þarf ekki að greiða fyrir innskrift og aðgerð.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og börnum líður betur eftir aðgerð efi eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klukkustundirnar fyrir aðgerð.
- Börn á brjósti mega fá síðustu brjóstagiöfina 4 klukkustundum fyrir aðgerð.
- Óhætt er að dreypa á tærum drykkjum þar til 2 klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, eplasafi eða sykurvatn.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ef barnið er á föstum lyfjum metur svæfingalæknir hvort eigi að taka þau að morgni aðgerðardags.

Sturta

Barnið fer í sturtu heima að morgni aðgerðardags eða kvöldið áður. Skipta þarf um rúmföt fari barnið í sturtu kvöldinu áður. Ekki má setja krem, púður eða olíu á húð barnsins eftir sturtuna.

Aðgerðardagur

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi, á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags.

Sumum börnum finnst gott að hafa með sér uppáhaldsleikfang á spítalann, svo sem bangsa, dúkku eða bók. Þegar barnið kemur á deildina fer það í föt frá spítalanum, fær armband með nafni sínu og kennitölu og fer í rúm.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist.

Sé barnið eldra en eins árs eða þyngra en tíu kg fær það kvíðastillandi lyf um 30 mínútur fyrir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fær það verkjalyf og frekari undirbúningur fyrir aðgerðina fer fram. Einungis einn aðstandandi fylgir barninu á skurðstofuna og er hjá því þegar það sofnar.

Aðgerðin fer fram í svæfingu og tekur oftast 1-3 klukkustundir en getur þó tekið lengri tíma.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknunardeild, E6 á 6. hæð, þar sem fylgst er náið með líðan barns, oftast í 4-6 klukkustundir. Hringt er í aðstandanda stuttu eftir komu á vöknunardeildina svo hann sé viðstaddur þegar barnið vaknar. Þegar barnið er vel vaknað er það flutt aftur á dagdeild skurðlækninga A5.

Þegar barnið hefur jafnað sig að mestu eftir aðgerð og svæfingu er það flutt með sjúkrahóli á barnadeild 22ED á Barnaspítala Hringingsins við Hringbraut í fylgd eins aðstandanda. Eftir aðgerð er lögð áhersla á að verkjastilla barnið, fylgjast með hvort það pissar, drekkur og nærast og fylgjast með skurðsári.

Útskrift er áætluð 1-2 dögum eftir aðgerð eða þegar barnið er farið að nærast og er orðið vel verkjastillt.

Útskriftarfræðsla

Verkir og verkjalyf

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir seinka bata. Ráðlagt er að gefa verkjalyf reglulega yfir daginn a.m.k. fyrstu tvo dagana eftir útskrift. Mælt er með parasetamol á 5-6 klst. fresti og ef það slær ekki á verkinn má prófa íbúprófen eða núrófen á 6-8 klst. fresti. Ekki er æskilegt að biða eftir því að verkir verði slæmir áður en verkjalyfin eru gefin. Þannig er auðveldara að fyrirbyggja verki. Smám saman er dregið úr notkun verkjalyfja með því að gefa þau sjaldnar.

Skurðsár

Eðlilegt er að blóðlitaður vökvi leki úr munni og nefi fyrstu 1-2 dagana eftir aðgerð. Skurðsári er lokað með saumum sem eyðast. Kláði getur komið í skurðsár 3-4 dögum eftir aðgerð. Læknir getur ávísað kláðastillandi lyfi. Barnið má fara í sturtu eða bað strax eftir aðgerð.

Mikilvægt er að hlífa skurðsárinu í þrjár vikur eftir aðgerð:

- Halda þarf hörðum hlutum frá barninu svo það nái ekki að stinga þeim upp í munn.
- Fara þarf varlega þegar stífir hlutir eins og skeið og tannbursti er notaður.
- Sleppa á notkun snuðs í einn mánuð eftir aðgerð ef mögulegt er.

Munnhirða

Mikilvægt er að hreinsa munninn vel eftir allar máltíðir í tvær vikur eftir aðgerð:

- Skola munn vandlega með vatni eftir allar máltíðir.
- Ef um ungbarn er að ræða er því gefið nokkrir sopar af vatni að drekka eftir hverja máltíð.
- Bursta tennur kvölds og morgna til að minnka hættu á sýkingu. Bursta þarf varlega og ekki nálægt aðgerðarsvæði.
- Barn frá 3-4 ára aldri notar munnskol þrisvar á dag í 10 daga, ef það er fært um að spýta munnskolinu aftur út.

Matur og næring

Til að hlífa skurðsvæðinu er mikilvægt að gæta varúðar við máltíðir og fylgja leiðbeiningum um fæðuinntekt eftir aðgerðina:

- Barnið má drekka af brjósti og nota venjulega túttu á pela. Ekki er þörf á að nota Haberman pela eftir aðgerð.
- Barnið fær tært fljótandi fæði aðgerðardaginn og síðan maukað eða mjúkt fæði í fjórar vikur eftir aðgerð, til dæmis pasta, egg og mjólkurmat.
- Barnið má ekki borða kornmat, brauð, gos og súkkulaði í fjórar vikur eftir aðgerð.
- Forðast þarf harðan mat í fjórar vikur eftir aðgerð, s.s. hrökkbrauð og kornflögur.
- Gæta þarf þess að matur sé í mesta lagi volgur, ekki heitur vegna hættu á bruna.
- Forðast þarf að nota oddhvassa hluti eins og drykkjarrör eða gaffal og velja frekar skeið við mötun.
- Barnið á ekki að borða sjálf í tvær vikur eftir aðgerð til að hlífa skurðsári.

Hreyfing

Barn má strax hreyfa sig eftir getu en forðast ærslagang eins og kostur er í 2-3 vikur eftir aðgerð. Ráðlagt er að barnið sé heima á þessum tíma og fari ekki í leikskóla.

Sýklalyf

Barnið þarf að taka sýklalyf í 5-7 daga eftir aðgerð. Einnig þarf að bera smyrsl með sýklalyfi í nasir þrisvar á dag, í tvær vikur eftir aðgerð. Læknir ávísar viðeigandi lyfjum.

Eftirlit

Við útskrift er afhentur endurkomutími hjá lækni, oftast þremur mánuðum eftir aðgerð.

Verkjalyf við útskrift (lyf, skammtur, hversu oft) _____

Hafa þarf samband við barnadeild 22ED ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Roði, bólga eða gröftur sést við skurðsár
- Vond lykt kemur úr munnni barns
- Barn nærast ekki eða nærast illa

Símanúmer

Barnadeild 22ED, kl. 08:00-16:00 alla virka daga	543 3760
Dagdeild A5, kl. 07:00-22:00 alla virka daga	543 7570
Göngudeild skurðlækninga B3, kl. 08:00-16:00 alla virka daga	825 5178
Skriptiborð Landspítala, opið allan sólarhringinn	543 1000

Með ósk um góðan bata
Starfsfólk Barnaspítala Hringins